Hluthafafundur

Ísfélag hf. („félagið“) boðar til hluthafafundar á skrifstofu félagsins, Tangagötu 1 í Vestmannaeyjum 28. september 2023 kl. 15:30.

Boðað er til fundarins vegna undirbúnings félagsins fyrir mögulega skráningu á verðbréfamarkað.

Dagskrá:

1. Tillaga stjórnar að nýjum samþykktum félagsins sem taka m.a. mið af kröfum um skráð félög á verðbréfamarkaði og að eldri samþykktir falli brott í heild sinni.

Helstu breytingar og nýmæli varða:

a. Tilgang félagsins.

b. Að engin sérréttindi fylgi hlutum í félaginu.

c. Frá hvaða tímamarki nýir hlutir veita réttindi í félaginu.

d. Takmarkanir á lánveitingum og undanþágur frá því í samræmi við áskilnað laga .

e. Heimild til rafrænna samskipta við hluthafa, t.a.m. við boðun hluthafafunda.

f. Boðun hluthafafunda og um að skjöl og upplýsingar séu í samræmi við 88. gr. d. liðar hlutafélagalaga.

g. Rétt til þátttöku á hluthafafundum og umboðsreglur.

h. Tillögur frá hluthöfum á hluthafafundi.

i. Hvernig taka skal fyrir starfskjarastefnu félagsins á aðalfundi.

j. Ákvæði um kynjahlutföll í stjórn félagsins.

k. Kröfur um framboð til stjórnar félagsins og framkvæmd stjórnarkjörs.

l. Ákvæði um heimild til kaupa á eigin bréfum sem taka m.a. mið af skráðum hlutum á verðbréfamarkaði.

2. Önnur mál.

Dagskrá ásamt tillögum stjórnar og drögum að nýjum samþykktum félagsins , sem og fyrri samþykktir, er að finna á skrifstofu félagsins auk þess sem dagskráin, tillögur stjórnar og drög að nýjum samþykktum, ásamt eldri samþykktum, eru birt á vefsíðu félagsins - www.isfelag.is

Hluthöfum gefst kostur á að senda umboðsmann á fundinn sem greiðir atkvæði fyrir þeirra hönd. Umboðsmaður skal leggja fram dagsett og skriflegt umboð við upphaf fundar. Umboð er að finna á vefsíðu félagsins www.isfelag.is.

Stjórn Ísfélags hf.

ÍSFÉLAG